

# KRAKKA SEGÐU



HVER ER EG NUNA?

## INNIHALD:

- Leikborð
- 180 leikspjöld
- 20 hreyfispjöld
- 4 leikpeð
- 4 ennisbönd



## MARKMIÐ LEIKSINS

Skiptist á að giska á hver eða hvað þið eruð á meðan aðrir spilarar útskýra það saman.

Þegar þú giskar rétt, máttu færa leikpeðið áfram á leikborðinu.

Sá spilari sem fyrstur fer heilan hring á leikborðinu sigrar!

## UPPSETNING

1. Hver spilari kemur leikpeði sínu fyrir á byrjunarreit.
2. Flokkið leikspjöldin og hreyfispjöldin í sitthvorn bunkann og stokkið.
3. Setjið hreyfispjöldin næst leikborðinu þar sem demantshliðin snýr niður. Setjið Segðu-spjöldin næst leikborðinu þar sem Segðu-hliðin snýr upp.
4. Setjið upp ennisböndin!
5. Elsti spilarinn byrjar. Aðrir spilarar koma nú spjaldi fyrir í ennisbandi hans svo að hann sjái örugglega ekki orðið eða myndina á spjaldinu en allir hinir sjá það!



## GANGUR LEIKSINS

1. Hinir spilararnir útskýra orðið fyrir þeim sem á leik og reyna að fá hann til að giska á hver eða hvað hann sé. Reynið að tala ekki hvert yfir annað svo að allir fái að hjálpa til.

**Meðan verið er að útskýra orð má ekki nota það, hvorki í heild né neinn hluta þess!**

2. Ef orðið reynist of erfitt má sleppa því, setja nýtt spjald í ennisbandið og byrja upp á nýtt. Leggið notuð spjöld til hliðar.

3. Þegar sá sem á leik giskar rétt má hann draga hreyfispjald efst úr bunkanum og færir leikpeð sitt á næsta reit á leikborðinu sem er með eins demant og er á spjaldinu!

Leggið notuð hreyfispjöld til hliðar í sérbunka.

4. Spilarinn vinstra megin við þann sem átti leik fær spjald í ennisbandið sitt og leikurinn heldur áfram.

**Athugið!** Þegar öll hreyfispjöldin hafa verið notuð má stokka bunkann og nota hann aftur!

5. Spilarar geta ákveðið að samheiti, nægilega skyld orð eða styttri og einfaldari útgáfa orðsins dugi til að fá rétt svar. Til dæmis kóngur eða konungur, flugmaður eða flugstjóri, sendibréf eða bréf, máni eða tungl, lögregluþjónn eða löggætti, bifur eða bjór, brunavörður, slökkviliðsmaður eða slökkviliðskona.



## LEIKSLOK

Sá sem fer fyrstur heilan hring á leikborðinu ber sigur úr býtum!

